



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð við neyðarástandi í leikskólamálum - drög

Á fundi borgarráðs þann 16. mars 2023 var lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð við neyðarástandi í leikskólamálum:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsingar um hvernig meirihlutinn hyggst bregðast við þessu ófremdarástandi. Stendur til að samþykkja tillögu Flokks fólksins um heimgreiðslur/styrki sem einn af valmöguleikunum í því úrræðaleysi sem nú ríkir? Hyggst meirihlutinn samþykkja tillögu Flokks fólksins um að styrkja dagforeldrakerfið til að mæta þessu ástandi?

Á yfirstandandi kjörtímabili hefur ýmis stefnumótun í málefnum leikskóla verið til umfjöllunar á og afgreiðslu á vettvangi borgarráðs. Í ágúst sl. var samþykkt tillaga formanns borgarráðs um uppbyggingu leikskóla. Á fundi borgarráðs 15. júní sl. var samþykkt tillaga borgarstjóra á úrræðum vegna dagforeldramála. Á fundi borgarráðs þann 25. maí 2023 var samþykkt erindisbréf stýrihóps um mótun heildstæðrar stefnu og aðgerðaráætlunar um umhverfi og aðstæður barna á aldrinum 0-6 ára í Reykjavík. Öllum óafgreiddum tillögum sem varða umhverfi og aðstæður barna á aldrinum 0-6 ára hefur verið vísað til meðferðar á vettvangi þessa hóps.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal
e.u.